TP-Link vefviðmótið

03.07.2026

Í gegnum vefviðmót netbeinisins er hægt að breyta flestum stillingum beinisins eins og t.d. WiFi nafni og lykilorði, stilla foreldrastýringu, opna port og festa innri IP tölu tækja.

Opna vefviðmótið

Til að komast inn á vefviðmótið þarftu að vera í beinu sambandi við netbeininn í gegnum netsnúru eða WiFi.

- Opnaðu slóðina http://192.168.0.1 eða http://tplinkwifi.net í vafra.
- Skrifaðu lykilorð netbeinisins inn í reitinn merktan *Password* og ýttu á **Log in**.
    - Lykilorðið er prentað á límmiða undir netbeininum og er merkt sem *User account password.*

> **Áður en þú heldur áfram!**
> Breytingar sem þú gerir á stillingum netbeinisins eru alfarið á þinni ábyrgð. Við mælum ekki með að breyta þeim nema þú hafir sérstaka ástæðu til.

Breyta lykilorði inn á beininn

Þú getur breytt lykilorðinu inn á viðmót beinisins ef þú vilt gera eftirminnilegara eða öruggara.

- Veldu **Advanced** flipann efst á síðunni.
- Veldu **System Tools** flipann vinstra megin á síðunni.
- Veldu **Administration**.
- Skrifaðu inn núverandi lykilorð í *Old Password* reitinn.
- Veldi nýtt lykilorð og skrifaðu það í *New Password* reitinn.
- Skrifaðu nýja lykilorðið aftur í *Confirm New Password* reitinn.
- Smelltu á **Save** takkann til að vista breytinguna.

Breyta nafni og lykilorði á WiFi

- Veldu **Wireless** flipann vinstra megin á skjánum.
- Skrifaðu inn nýtt WiFi nafn og lykilorð í reitina merkta *Network Name (SSID)* og *Password.*
- Smelltu á **Save** takkann til að vista breytingarnar.

Aðskilja þráðlausa netið (2,4GHz og 5GHz)

Ef þú vilt hafa betri stjórn á hvaða tæki tengjast við ákveðna WiFi tíðni á netbeininum getur þú aðskilið tíðnirnar í tvö mismunandi þráðlaus net. Þú getur aðskilið þráðlausa netið í stillingum netbeinisins

- Veldu **Wireless** á aðalvalmynd.
- Fjarlægðu hakið úr **Bandsteering**.
- Smelltu loks á **Save**.

Virkja Gestanet

- Veldu **Guest Network** á aðalvalmynd.
- Veldu **Enable Guest Network**
- **Network** Name: Hér getur þú sett inn WiFi nafn fyrir gesta netið
- **Security**: Hérna getur þú still öryggis staðalinn fyrir gesta netið. Við mælum með að halda því í WPA2-PSKen hægt að breyta í **No Security** ef netið á að vera opið
- **Password**: Hérna geturðu sett inn WiFi lykilorð fyrir gesta netið
- Smelltu á **Save** takkann til að vista breytingarnar.

Para við WiFi magnara

Það er hægt að para WiFi magnara við netbeini í gegnum vefviðmót netbeinisins. Þá er WiFi Magnara stungið í samband og beðið í 2-3 mínútur á meðan hann kveikir á sér og verður tilbúin til að parast við annan búnað. Þegar magnarinn er tilbúinn blikkar blátt ljós undir honum.

- Veldu **Network Map** flipann vinstra megin á skjánum.
- Smelltu á **Add Mesh Device**.
- Smelltu á **Add By Scanning**.
- Smelltu á **Scan for TP-Link Mesh Devices** og hinkraðu á meðan beinirinn leitar að WiFi Mögnurum
- Hakaðu við magnarana sem þú vilt tengja við netbeininn og smelltu á **Add**.
- Hinkraðu þar til þú sérð skilaboðin *"Device has been added successfully!"*
- Smelltu á **Finish** til að ljúka uppsetningunni.

Foreldrastýring

- Veldu **Parental Controls** flipann vinstra megin á skjánum.
- Smelltu á **Add** takkann í efra-hægra horninu á skjánum.
- Skrifaðu eitthvað lýsandi nafn fyrir regluna í *Name* reitinn, til dæmis "Krakkar" eða "Leikjatölva".
- Veldu tækin sem reglan á að gilda fyrir undir *Devices*.
- Smelltu á **Next**.
- Ef þú vilt loka alfarið fyrir ákveðnar síður getur þú skrifað þær inn í *Blocked content* reitinn og smellt á **Add**. Hér er nóg að skrifa nafn síðunnar án endingar, til dæmis "facebook" eða "youtube".
- Smelltu á **Next**.
- Hér getur þú tímastillt aðgang að netinu.
    - Með **Time Limits** getur þú stillt hversu lengi tækin mega tengjast netinu yfir daginn.
    - Með **Bed Time** getur þú valið tímabil yfir sólarhringinn þar sem tækin geta ekki tengst netinu.
- Ýttu loks á **Save** til að vista regluna þína. Þú getur bætt við fleiri reglum eftir þörfum.

PPPoE auðkenning

Venjulega notar netbeinirinn DHCP til að fá IP tölu úthlutað sjálfkrafa, en þú getur stillt hann á að nota PPPoE auðkenningu ef þú vilt vera með fasta IP tölu eða ert að tengjast við staðarnet.

- Veldu **Internet** flipann vinstra megin á skjánum.
- Veldu **PPPoE** undir *Internet Connection Type.*

- Skrifaðu **siminn** í bæði *Username* og *Password* reitina.
- Smelltu á **Save** takkann til að vista breytingarnar.

> **Athugaðu!**
> PPPoE auðkenning er aðeins möguleg á beinum á netkerfi Mílu.

Breyta nafnaþjónum *(DNS)*

- Veldu **Advanced** flipann efst á skjánum.
- Veldu **Network** flipann vinstra megin á skjánum.
- Smelltu á **LAN Settings**.
- Skrifaðu inn IP tölur nafnaþjónsins sem þú vilt nota undir *Primary DNS* og *Secondary DNS*.
- Smelltu á **Save** takkann til að vista breytingarnar.

Stillingar á portum *(Port Forwarding)*

> **Þessar stillingar geta valdið skaða!**
> Að opna port hleypir allri umferð af netinu inn á tækið þitt í gegnum það port. Síminn tekur enga ábyrgð á vandamálum, gagnatapi eða öðru sem getur komið upp vegna breytinga á þessum stillingum. Ekki breyta þeim án þess að kynna þér málið vandlega og hafa góða ástæðu til.

- Veldu **Advanced** flipann efst á síðunni.
- Veldu **NAT Forwarding** flipann vinstra megin á skjánum.
- Veldu **Virtual Servers** undirflokkinn.
- Smelltu á **Add** takkann í efra-hægra horninu á skjánum.
- Fylltu út eftirfarandi upplýsingar:
  - **External Port** skal vera portið sem á að vera aðgengilegt frá netinu inn á netbeininn þinn. Hér er hægt að setja inn eitt port eða röð af samliggjandi portum.
  - **Internal IP** skal vera IP tala tækis á innra netinu sem á að taka við umferðinni.
  - **Internal Port** skal vera port á tækinu á innranetinu sem á að taka við umferðinni.
  - **Protocol** segir til um hvort portið sé opið fyrir TCP, UDP eða báðar tegundir internet pakka.

VPN

TP-Link netbeinirinn er með innbyggðan VPN-þjón sem gerir þér kleift að tengjast heimanetinu örugglega hvaðan sem er og fá aðgang að tækjum eins og netþjónum, myndavélum og snjalltækjum.

Til að VPN-þjónninn virki án vandræða er best að setja upp Dynamic DNS. Ef það er ekki gert þarf að sækja nýtt stillingaskjal (config) ef IP-talan þín breytist.

Setja upp VPN-þjón á netbeininum

- Veldu **Advanced** flipann efst á síðunni.
- Veldu **VPN**

- Veldu **OpenVPN**
- Veldu **Enable VPN Server**
- Þarft ekki að breyta **Service Port** eða **VPN Subnet/Netmask**
- Veldu Client Access
    - **Home Network Only** gefur þér aðeins aðang að innra neti
    - **Internet and Home Network** getur þér aðgang að innra og ytra neti.
- Veldu **Save**
- Veldu **Generate**
- Veldu **Export**

Núna hefur þú sótt stillingar skjalið fyrir OpenVPN Client, þetta skjal heitir client.ovpn

Setja upp VPN Client

VPN Client er tækið sem þú vilt tengja við netbeininn þinn

- Sækja OpenVPN í App Store eða Play Store

Apple

- Opnaðu Files
- Smelltu á client.ovpn
- Smelltu á kassann með örinni niðri í hægra horninu
- Smelltu á **OpenVPN**
- Smelltu á **ADD**
- Smelltu á **Connect**

Android

- Smelltu á plúsinn niðri í hægra horninu **(mport Profile)**
- Smelltu á **Upload File**
- Smelltu á **Browse**
- Smelltu á client.ovpn
- Smelltu á **ADD**
- Smelltu á **Connect**